

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Forsetaúrskurður um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1947, nr. 10.

Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.

Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

Forsetabréf um heimild íslenskra ríkisborgara til að bera heiðursmerki, undirskrifað af forsetanum 12. marz 1947, nr. 15.

Lög um menntun kennara, undirskrifuð af forsetanum sama daga, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

Lög um tekjuskattsviðauka árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

AUGLÝSING

37

4. febr.

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-
samþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglu-
samþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting
á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað:

1. gr.

48. gr. samþykktarinnar breytist þannig, að í stað orðanna „20 km“ komi:
25 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. febrúar 1947.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.